

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019. Frá og með 1. júní 1989 skal gjald þetta nema kr. 17,95 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald samkvæmt 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. júní 1989. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 558/1988 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. júní 1989 skal greiða kr. 1,25 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. júní 1989 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júní 1989.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 558/1988 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 477

27. október 1988.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Íslenskar getraunir gefa út og dreifa leikspjöldum til þátttöku í getraunaleikum.

Á hverju spjaldi skal gert ráð fyrir 12 tölusettum kappleikjum sem geta skal um úrslit á. Á spjaldinu skulu einnig vera sex dálkar (raðir), merktir bókstöfunum A, B, C, D, E og F, hver